

Fundargerð 58. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélag Íslands

Stjórnarfundur, 10. maí 2021, kl. 15:00 – 16:00

Stjórnarfolk:

Mætt: Hlöðver, Sigrún, Sigurður, Hrund og Baldur.

Fjarverandi:

1. Kynning á stjórnarfólki.
Í ljósi þess að Sigrún er ný í stjórn kynnti stjórnarfolk sig.
2. Fundargerð aðalfundar samþykkt og undirrituð.
Farið var yfir drög að fundargerð sem lágu frammi. Fundargerðin var samþykkt með lítilsháttar breytingum. Fundargerðin að því búnu undirrituð af stjórn.
3. Stjórn skiptir með sér verkum.
Stjórn samþykkti eftirfarandi verkaskiptinu, Hrund Andradóttir, gjaldkeri og Baldur Dýrfjörð ritari, Sigrún Tómasdóttir og Sigurður Grétar Sigmundsson meðstjórnendur.
4. Skjöl til fyrirtækjaskrár og banka
Farið var yfir nauðsynleg formskjöl vegna kosningar stjórnar og formanns sem skila þarf inn til fyrirtækjaskrár og Íslandsbanka, tilkynning um nýja stjórn, prókúruhafa, raunverulega eigendur o.fl. Skjölin undirrituð og fráfarandi formaður tekur að sér að koma þeim á viðeigandi staði.
5. Önnur mál
Ákveðið var að boða næsta stjórnarfund í ágúst til að undirbúa starfið á næsta vetri.
Rætt var um nokkur möguleg efni fyrir veturinn og nálgun og þar með að reyna fylgjast með hvað félagar hafa áhuga á því að fá fræðslufni um.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði Baldur Dýrfjörð ritari